

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

***Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar - umsagnir***

Á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 27. nóvember sl. var samþykkt, sbr. 3. lið fundargerðar, að vísa drögum að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar til umsagnar fagraða, hverfisráða, öldungaráðs og fjölmeningarráðs.

Umsagnir hafa nú borist og eru þær meðfylgjandi.

Sandra Dröfn Gylfadóttir  
e.u.

Hjálagt:  
Umsagnir vegna lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð,  
Sandra Dröfn Gylfadóttir.

Á fundi hverfisráðs Árbæjar sem haldinn var þann 6. febrúar 2018, var m.a. gerð eftirfarandi umsögn:

*Hverfisráð Árbæjar gerir ekki athugasemdir við drög að lýðræðisstefnu fyrir Reykjavíkurborg en ítrekar fyrri umsögn sem ráðið sendi inn varðandi skipan í hverfisráð. Hugmynd um slembival hugnast hverfisráðinu ekki en tekið undir kosti þess að borgarfulltrúar eigi sæti í hverfisráðum.*

Reykjavík 20. febrúar 2018.

Virðingarfyllst,  
f.h. hverfisráðs Árbæjar,

---

Sólveig Reynisdóttir, framkvæmdastjóri  
Þjónustmiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts

Reykjavík, 20. desember 2017

## Efni: Umsögn hverfisráðs Breiðholts um lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar

Á 147. fundi hverfisráðs Breiðholts þann 19. desember var erindi frá stjórnkerfis- og lýðræðisráði, dags. 29. nóvember 2017, um drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar tekið fyrir. Eftirfarandi umsagnir um einstaka tillögur í lýðræðisstefnunni voru samþykktar:

- **Upplýsingagjöf sem hornsteinn lýðræðis**  
Hverfisráð Breiðholts hvetur til þess að tryggt sé að upplýsingagjöf og miðlun og aðferðir taki ætíð mið af fjölbreyttri samsetningu íbúa Reykjavíkurborgar. Ráðið leggur einnig áherslu á að ábyrgð og hlutverk kjörinna fulltrúa gagnvart upplýsingagjöf sé skýrt og vel útfært.
- **Gagnsjá Reykjavíkurborgar**  
Hverfisráð Breiðholts fagnar mjög hugmyndum um Gagnsjá Reykjavíkurborgar.
- **Borgarafundir**  
Hverfisráð Breiðholts hvetur til þess að í lýðræðisstefnunni verði einnig fjallað um reglulega fundi í hverfum borgarinnar. Einnig verði sett inn ákvæði um að opið streymi á netinu verði alltaf tryggt þannig að allir íbúar borgarinnar hafi aðgang að öllum opnum fundum.
- **Þátttökufjárhagsáætlanagerð**  
Hverfisráð fagnar tillögum um þróun á þátttökufjárhagsáætlanagerð en leggur um leið ríka áherslu á að vinnan verði kynnt reglulega fyrir hverfisráðum borgarinnar og aðkoma þeirra að þróuninni verði tryggð.
- **Hverfisráð**  
Vísað til umsagnar um tillögu um breytta skipan í hverfisráð sem send verður stjórnkerfis- og lýðræðisráði fyrir 31. desember 2017.
- **Íbúakosningar**  
Hverfisráð leggur til að upptalning á félögum og samtökum sem „leiðandi öfl í lýðræðisþróun á Íslandi“ verði felld út úr lýðræðisstefnunni.
- **Lýðræði á vinnustöðum borgarinnar**  
Hverfisráð leggur til að setningin „Yfirstjórnendur verði hvattir til og studdir faglega til þess að líta á sig sem verkefnastjóra. Markmiðið verði að virkja sem best þá þekkingu

*og reynslu sem býr í almennum starfsmönnum til góðrar ákvarðanatöku.“ verði svohljóðandi: „Yfirstjórnendum verði falið að virkja þá þekkingu og reynslu sem býr í almennum starfsmönnum til góðrar ákvarðanatöku með aðferðafræðum faglegrar verkefnastjórnunar.“*

F.h. hverfisráðs Breiðholts,  
Arnar Snæberg Jónsson,  
verkefnisstjóri á Þjónustumiðstöð Breiðholts

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara  
Sandra Dröfn Gylfadóttir

Á fundi hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals sem haldinn var þann 12. febrúar 2018 var lagt fram bréf stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, dags. 29. nóvember 2017, þar sem óskað er eftir umsögn hverfisráðsins um drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkur. Eftirfarandi umsögn var gerð:

„Hverfisráð telur drög að lýðræðisstefnu ágætlega unna með tilliti til félagslegra og lýðræðislegra þátta.  
Ráðið vill þó ítreka fyrri gagnrýni á hugmyndir um slembival á fulltrúum í hverfisráð og telur að endurskoða þurfi lýðræðisstefnuna í ljósi þeirrar gagnrýni“.

Reykjavík 16. febrúar 2018.

Virðingarfyllt,  
f.h. hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals,

---

Sólveig Reynisdóttir, framkvæmdastjóri  
Þjónustmiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts



Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Tjarnargata 11

101 Reykjavíkurborg

Reykjavík, 20. desember 2017

**Efni: Umsögn Hverfisráðs Grafarvogs um lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar**

Hverfisráð fagnar allri umræðu um aukið íbúalýðræði. Í drögum af lýðræðisstefnu eru mörg jákvæð markmið en útfærsla þeirra er óljós. Í kafla um hverfisráð er fjallað um forræði hverfisráðs í fleiri málum án þess þó að ljóst sé hvernig samskipti ráðsins og borgarstjórnar eiga að vera. Málið þarf meiri umfjöllun áður en hægt er að taka afstöðu til þess.

Reykjavík, 17. janúar 2018

***Efni: Umsögn hverfisráðs Háaleitis og Bústaða um lýðræðisstefnu***

Hverfisráð Háaleitis og Bústaða lýsir yfir ánægju með að lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar skuli brátt líta dagsins ljós.

Varðandi hlut hverfisráða í stefnunni telur ráðið mikilvægt að stuðlað verði að öflugara samstarfi við íbúasamtök og að greitt verði fyrir setu fulltrúa þeirra í ráðinu og að þeir hafi kosningarétt eins og kjörnir fulltrúar. Slík leið er líkleg til að þátttaka íbúasamtaka verði skilvirkari og um leið líkleg til að efla íbúalýðræði í borginni. Öflugari þátttaka íbúasamtaka í hverfisráðum getur þannig mögulega komið í staðinn fyrir slembival eða beina íbúakosningu. Fæst mál sem koma á borð hverfisráða borgarinnar heyra undir velferðarsvið og því þarf að endurskoða stöðu hverfisráða Reykjavíkurborgar á skipuriti borgarinnar, koma á skilvirkari samskiptum milli ráðanna og helstu sviða borgarinnar og skilgreina og samræma verkswið starfsmanna þeirra.

Einnig telur ráðið mikilvægt að borgarafundum verði streymt á internetinu.



Reykjavík 20.12. 2017

Berist Stjórnkerfis- og lýðræðisráði.

Umsögn frá Hverfisráði Hlíða við erindi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um Lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.

Hverfisráð Hlíða þakkar fyrir tækifæri til þess að gefa umsögn. Ráðið fagnar auknum áherslum á þátttöku borgarbúa í ákvörðunum og þeim ramma sem verið er að setja um ferlið með þessari stefnu.

**Aðgengi: og þátttaka í margbreytilegu samfélagi:**

Við viljum minna sérstaklega á mikilvægi þess að setja upplýsingar fram með skýrum hætti og á auðlesnu máli. Í borginni býr fjölbreyttur hópur fólks og mikilvægt að efni sé miðlað og sett fram svo að það megi ná til allra. Mikilvægt er að hafa samráð við sérfræðinga í framsetningu efnis fyrir fólk með ólíka færni.

Ef um er að ræða sjónrænt efni er mikilvægt að skýra og einfalda skýringarmyndir tam. af skipulagsuppráttum og slíku og setja með sjónlýsingar ef þarf.

Það má líka hafa í huga og fylgjast með hvort að samráð er að ná til fjölbreyttra hópa í samfélaginu og ef ekki vera með áætlun um hvernig má bregðast við því. Samráð við Mannréttindaráð, mannréttindastofu og fjölmenningsráð er mikilvægt í því samhengi.

**Hverfisráð:**

Varðandi þátt Hverfisráðs í stefnunni, þá er það sem kemur fram jákvætt. Við undirstrikum mikilvægi þess að skýra hlutverk Hverfisráðana innan stjórnkerfisins, það er afar mikilvægt að ráðast í það verkefni sem allra fyrst. Það er okkar mat að það sé grundvöllur fyrir öðru sem gert er þegar kemur að eflingu ráðana. Mikilvægt er að Hverfisráð nýti sömuleiðis sama kerfi og önnur ráð borgarinnar þegar kemur að utanumhaldi um upplýsingar og gögn ráðsins. Íbúasamtök, ungmennaráð og öldungaráð koma öll inn á vettvang Hverfisráðana og eru þeu sem heild mikilvægur samráðsvettvangur í hverfum.

**Þátttaka barna:**

Til þess að auka þátttöku í íbúalýðræði og valdeflingu íbúa er mikilvægt að byrja á því sem fyrst hjá börnum að þau séu virkir þátttakendur og hafi áhrif á umhverfi sitt. Gott væri að hafa sér lið um það í Lýðræðisstefnu hvernig vinna skal að því að ala upp virka þátttakendur í íbúalýðræði og gera áætlun í samráði við sérfræðinga á menntasviðinu.

F. hönd Hverfisráðs Hlíða, Margrét M. Norðdahl

Reykjavík, 20. desember 2017

## **Efni: Hverfisráð Kjalarness – Umsögn um lýðræðisstefnu**

Hverfisráð Kjalarness telur lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar, sem barst ráðinu í tölvupósti 29. nóvember 2017, vera áhugaverða og gefa tækifæri til fjölbreyttra samskipta í borgarkerfinu. Ráðið hvetur til þess að unnið verði markvisst að því að ná markmiðum stefnunnar, þ.e. að valdefla borgarbúa þannig að þátttaka þeirra í ákvarðanatöku byggji á góðri upplýsingamiðlun um verkefni. Ráðið telur að núverandi verklag og samskipti innan borgarkerfisins, hvort sem um er að ræða stjórnslu og embættismannakerfi eða við kjörna fulltrúa, þurfi að taka breytingum í átt að markmiðunum sem fram koma í lýðræðisstefnunni.

*Þáttökustiginn* virðist vera framsetning sem hentar borgarkerfinu sem rammi um möguleika einstaklinga til að fylgjast með ferli verkefna og hafa áhrif.

Sumt af því sem fram kemur í tillögunum er nú þegar virkt svo sem íbúafundir en það er framför ef markmið funda og hvar í þáttökustiganum mál er statt, er skýrt. Þetta verður til mikilla bóta. Hverfisráð Kjalarness bendir á að mikilvægt er að niðurstöðum íbúafunda, t.d. um skipulagsmál sé miðlað eins fljótt og kostur er til íbúa. Dæmi um þetta eru íbúafundir um hverfaskipulag sem nú stendur yfir.

Hvað varðar *Gagnsjá Reykjavíkurborgar* er nauðsynlegt að kerfið verði aðgengilegt fyrir hinn almenna íbúa, bæði hvað varðar tæknilega hlutann og framsetningu. Takist vel til verður um mikið framfaraskref að ræða.

Hverfisráð Kjalarness telur að það sem fram kemur um *borgarafundi* og *þáttökufjárhagsáætlanagerð* sé jákvætt og bendir á að það sé mjög mikilvægt að hafa „raunheimatengingu“ við íbúa um ákveðin verkefni. Þetta er nauðsynlegt bæði fyrir íbúana og stjórnáamenn og stjórnslufólk. Öll hverfi hafa ákveðna sérstöðu en í sambandi við opinbera þjónustu og ekki síður opinberar framkvæmdir eru aðstæður Kjalnesinga ólíkar öðrum hverfum að mörgu leyti. Þess vegna er „raunheimatenging“ brýn og það má alls ekki gerast að netheimar yfirtaki samskipti í borgarkerfinu. Tæknin getur auðveldað aðkomu íbúa að borgarmálefnum á mjög jákvæðan og öflugan hátt, en gleymum ekki að lífið er í raunheimum og kannski ættum við að stilla okkur af og tala um „netheimatengingu“ í stað „raunheimatengingar“.

Ráðið gerir ekki athugasemdir við kaflana um *íbúakosningar og samráðsferla og lýðræði á vinnustöðum borgarinnar*. Aukið lýðræði og aðkoma fólks að ákvörðunum sem skipta máli fyrir líf þess er af hinu góða. Það sem skiptir máli er upplýsingamiðlun og að ferlar séu skýrir og aðkoma auðveld.

Hvað varðar *hverfisráð* telur hverfisráð Kjalarness það vera jákvætt að ábyrgð og aðkoma hverfisráða að fjármálum og upplýsingamiðlun til íbúa verði aukin. Til þess að svo megi verða þarf að gera töluverðar breytingar á núverandi vinnulagi. Ráðið vonast til að vel takist

til við að breyta núverandi vinnubrögðum í átt að þeim markmiðum sem fram koma í stefnunni. Reglur um hlutverk hverfisráða þurfa að verða skýrari en nú er.

Hvað varðar skipan hverfisráða er jákvætt að fulltrúi borgarstjórnar sitji í öllum hverfisráðum. Að öðru leyti er vísað til umsagnar hverfisráðs Kjalarness um skipan í hverfisráð.

Sigríður Pétursdóttir, Eldey Huld Jónsdóttir, Ólafur Zoëga og Hafsteinn Númason.

## Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

### Efni: Umsögn Hverfisráðs Laugardals um Lýðræðisstefnu Reykjavíkur

- 1) Við fögnum því að verið sé að vinna lýðræðisstefnu fyrir Reykjavík þar sem tekið er á samráði við íbúa, áhrif og þátttöku þeirra á stjórn borgarinnar.
- 2) Erfitt er að lesa skjalið sem stefnu heldur er hér frekar um tillögur að ræða sem nýtast við að móta stefnuna og aðgerðaráætlun. Tillögurnar eru góðra gjalda verðar og geta vel staðið sem aðgerðakafli, en það kemur hins vegar ekki skýrt fram hver stefna borgarinnar er. Hvenær eigi að vera búíð að ná þessari stefnu eða hvenær eigi að hefja endurskoðun á stefnunni. Í aðgerðakaflanum þyrfti að koma fram hver beri ábyrgð á að hver og ein aðgerð verði framkvæmd.
- 3) Inn í aðgerðakaflan (tillögukaflan) þar sem fjallað er um borgarafundi finnst okkur vanta skilyrði um að borgarafundum skuli streymt.
- 4) Við teljum að kafllinn um hverfisráðin þurfi að vera mun skýrari og afdráttarlausari um það hvernig vald þeirra, ábyrgð og hlutverk er hugsað í lýðræðisvæðingunni. Sérstaklega þarf að huga betur að því hvernig eigi að gera hverfisráðin betur í stakk búin til að vinna lýðræðislega þvert á fagsviðin m.a. hvar þau eiga að vera staðsett í stjórnskipulagi borgarinnar. Við fögnum því að gert sé ráð fyrir því að amk einn borgarfulltrúi eigi sæti í hverfisráðum og teljum að slík tenging við borgarstjórn geti haft jákvæð áhrif á starfsemi hverfisráða.

Samþykkt á fundi þann 29. janúar 2018

Heiðar Ingi Svansson, formaður

Reykjavík, 16. febrúar 2018

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

**Efni: Hverfisráð Miðborgar – umsögn um lýðræðisstefnu:**

1. Fram fara umræður um lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar. Hverfisráð gerir ekki athugasemd við þær tillögur sem fram koma í drögum um lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.

Reykjavík, 8. janúar 2018

## Umsögn Samfylkingar og Bjartrar framtíðar um lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar

Almennt má segja að þær skilgreiningar sem tillögurnar byggja á varðandi þrep þátttökustigans séu þarft tæki til að ræða til hvers er ætlast af bæði borgarstjórn og íbúum. Oft kemur fram ósamhljómur þegar aðilar eru ósammála um það á hvaða þrepi er verið að leita samráðs. Því er mikilvægt að hafa þá mynd í huga og jafnvel að vísa með markvissum hætti til hans. Gjarnan mætti vinna áfram með að skilgreina þrepin út frá þeim verkfærum sem borgin hefur yfir að ráða hverju sinni og þróa þau eftir því sem reynsla og tilefni er til. Skilgreina mætti ákveðin þrep fyrir ákveðin verkefni að hverju sinni og sækja þannig það samráðsverkfæri sem best á við. Sumt samráð er lögbundið t.d. í skipulagsmálum og er í sjálfu sér ekki sett nein efri mörk á hvaða þrep skuli nýta en hefð hefur skapast fyrir því hvernig samráði skuli háttað og er það oft á efra þrepi en skýrt er kveðið á um en einnig oft á eins lágu þrepi og ásættanlegt má teljast. Telja má verkefnið Betri Reykjavík til tækis til *rökræðu* og Betri hverfi verkefnið er tæki til *áhrifa – hlutdeildar*. Þá má segja að einu sinni hafi verið gripið til þess að fela íbúum ákvörðun sem felur í sér *þátttöku í ákvarðanatöku* þegar kosið var um veru Reykjavíkurlflugvallar í Vatnsmýri. Öll þessi dæmi um efri þrep þátttökustigans eru þó því marki brennd að gagnrýni hefur komið fram um að kjörnir fulltrúar séu að skjóta sér undan þeirri ábyrgð sem þeim var falin í almennum kosningum eða að lítil þátttaka almennings sé talinn veikleiki.

Vert er að nefna þátttökustiga þar sem fulltrúar tiltekinna hópa eru valdir til að takast á hendur meira samráð um þróun mála. Má þar nefna hugmynda-, hönnunar- og skipulagssamkeppnir sem ýmist geta verið opnar eða takmarkaðar við fagfólk. Notendasamráð þar sem fulltrúar ákveðinna sérhagsmunahópa koma að borðinu er töluvert notað við stjórn velferðarmála. Líklega mætti skýra og gera þetta samráð skilvirkara með opinni umræðu um það á hvaða þrepi samráðið er statt. Því er tekið undir fyrstu tillögu um að upplýsingagjöf sé hornsteinn íbúalýðræðis.

Tillögur um Gagnsjá og borgarafundi eru góðra gjalda verðar. Benda verður þó á að opnir borgarafundir hafa tilhneigingu til að henta ákveðnum hópum umfram aðra. Til dæmis benda foreldrar með yngri börn gjarnan á að slíkar samkomur henti illa enda má sjá nokkuð hærri meðalaldur fundargesta en vænta mætti af þeim íbúum sem nota mest skólaþjónustu og frístundir.

Tekið er undir að tengja beri hverfisráðin með þeim hætti að amk einn borgarfulltrúi sitji í þeim. Þá hefur verið bent á að nokkuð skortir upp á leiðbeiningu um samskipti við frjáls félagasamtök og hagsmunasamtök í hverfinu í tillögum um framtíðarskipan hverfisráðanna.

Hverfisráð Vesturbæjar telur áhugaverðan kost að fela hverfisráðum aukið sjálfræði í fjárfestingu og rekstri stofnana og framkvæmda. Til dæmis væri áhugavert að hafa skipulags- og byggingafulltrúa fyrir hvern borgarhluta sem tæki til afgreiðslu staðbundin mál og þróaði hverfisskipulag hverfisins. Reyna myndi á áætlanagerð fagsviða svo áherslur væru samræmdar en útfærslur í höndum hvers hverfis. Mikilvægt er talið að auka aðgengi hverfisráða og starfsmanna þeirra að gögnum sem eiga við um hverfið.

Ekki eru gerðar ákveðnar athugasemdir við tillögur um íbúakosningar en ráðið og meðlimir ráðsins áskilja sér rétt til að móta sér afstöðu á síðari stigum. Sama gildir um lýðræði á vinnustöðum borgarinnar.

Fulltrúar Samfylkingar og Bjartrar framtíðar

## **Umsögn fulltrúa Sjálfstæðismanna í hverfisráði Vesturbæjar um lýðræðisstefnu**

Til að Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar gagnist öllum þarf hún að vera auðskiljanleg og auðlesanleg svo hún nýtist til aukinnar lýðræðislegrar þátttöku og taki tillit til fjölbreytts hóps samfélagsins. Með það í huga verður að tryggja gott aðgengi að stefnunni fyrir börn, eldri borgara, fatlaða og ýmissa minnihluta.

Fulltrúar Sjálfstæðismanna í hverfisráði Vesturbæjar

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Reykjavík, 17. janúar 2018

## **Umsögn fjölmeningarráðs um Lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar 01.2018**

Fjölmeningarráð vill þakka fyrir þessa góðu Lýðræðisstefnu. Okkur finnst mikilvægt fyrir samfélagið innflytjenda hér á Íslandi, að þessari stefnu verði fylgt í Reykjavíkurorg.

Við viljum undirstrika að það skiptir miklu máli að efla lýðræðisvitund erlenda borgarbúa með því að veita upplýsingar á réttan hátt (t.d. á öðrum tungumálum).

Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar



## Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

### Efni:

#### ***Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar - umsögn***

Á fundi forsætisnefndar þann 16. febrúar 2018 var lagt fram bréf stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, dags. 12. janúar 2018, þar sem óskað var eftir umsögn forsætisnefndar um drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.

Forsætisnefnd lagði fram svohljóðandi umsögn:

Forsætisnefnd þakkar fyrir að hafa fengið tækifæri til að veita umsögn um lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar á þessu stigi og tekur undir þá stefnumörkun sem þar birtist. Forsætisnefnd vill þó leggja áherslu á að hún hefur um langt skeið unnið að því að undirbúa fjölgun borgarfulltrúa úr 15 í 23 og stendur yfir m.a. endurskoðun á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar vegna fjölgunarinnar. Breyttar stafsskyldur kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg geta tengst ákvæðum í lýðræðisstefnunni og má m.a. nefna tillögur vegna skipunar hverfisráða. Mikilvægt er því að tekið verði tillit til endanlegrar niðurstöðu forsætisnefndar og í beinu framhaldi borgarstjórnar við endanlega samþykkt og útfærslu lýðræðisstefnunnar. Forsætisnefnd óskar því eftir að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum málsins.

Bjarni Þóroddsson  
e.u.



Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

### Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar - tilv. R17020227

Á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs 27. nóvember sl. var samþykkt að vísa drögum að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar til umsagnar fagráða, hverfisráða, öldungaráðs og fjölmeningarráðs.


Umsögninni skyldi skila eigi síðar en 20. desember 2017.

ÍTR lýsir yfir ánægju með þau megin markmið og tillögur sem fram koma í drögunum að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar og telur að mjög margt í tillögunum geti leitt til betri tengsla og upplýsingagjafar milli borgarbúa og borgarstjórnar og stjórnsýslu borgarinnar.

Nokkrar ábendingar frá ÍTR:

1. Upplýsingagjöf: Nauðsynlegt er að efla alla upplýsingagjöf um málefni Reykjavíkurborgar og má þar m.a. nefna að kynna mætti betur upplýsingarstefnu borgarinnar fyrir starfsmönnum borgarinnar og íbúum.  
Nauðsynlegt er að kynna fyrir starfsmönnum og borgarbúum hlutverk borgarstjórnar Reykjavíkur og veita betri upplýsingar um stjórnkerfi borgarinnar almennt. Með því má auka traust borgarbúa og starfsmanna á stjórnsýslu höfuðborgarinnar. Slík upplýsingagjöf mætti einnig ná til fleiri aðila svo sem til Alþingis, fjölmiðla, atvinnulífs og verkalýðsfélaga.
2. Borgarafundir borgarstjórnar: Við skipulagningu slíkra funda þarf að taka tillit til hverfafunda borgarstjóra sem eru haldnir eini sinni á ári í hverfum borgarinnar.
3. Hverfisráð: Athugað verði að samræma hverfisráð að þjónustumiðstöðvum. Skerpa þarf á hverfaskiptingu hverfisráða frá Tjörnninni að Elliðaárdal, eða sameina í eitt hverfisráð og að fagråd og svið borgarinnar leiti í auknu mæli eftir umsögn hverfisráða.  
Taka þarf þá tillit til þess að hverfisráðin funda að jafnaði einu sinni í mánuði og getur það í sumum tilfellum tafið afgreiðslu fagráða. Mjög jákvætt væri ef hverfisráð og þjónustumiðstöðvar gætu tekið á verkefnum er snúa að upplýsingagjöf og kynningu í viðkomandi hverfum, um ýmis mál er varða hverfistengd mál miðlægrar stjórnsýslu og einstaka fagráða og sviða.
4. Lýðræði á vinnustöðum: Varðandi slíkt verkefni er nauðsynlegt að fram fari fræðsla til starfsmanna um lýðræði á vinnustöðum og með hvaða hætti Reykjavíkurborg hyggst efla þátttöku starfsmanna til ákvarðanatöku. Nauðsynlegt getur verið að eiga samskipti við stéttarfélög starfsmanna borgarinnar að slíku verkefni.

Á fundi íþrótt- og tómstundaráðs í dag voru ábendingarnar lagðar fram og þær samþykktar.

  
Ómar Einarsson.



Reykjavík, 12. janúar 2018

## Umsögn mannréttindaráðs um Lýðræðisstefnu reykjavíkurborgar 01.2018

Mannréttindaráð fagnar því að skilgreint sé með formlegum hætti hvernig borgarbúar geti haft áhrif á stjórn borgarinnar og komið frekar að undirbúningi stefnumótunar á hennar vegum. Mannréttindaráð áréttar að við alla stefnumótun hjá Reykjavíkurborg er mannréttindastefnan og mannréttindahugtakið ávallt lagt til grundvallar.

Mikilvægt er að texti í slíkri stefnumótun sé á skýru máli sem gagnist öllum hópum samfélagsins t.d. innflytjendum og þá sem nýta auðlesið mál, og lagt er til að farið sé yfir drögin með það í huga.

Einnig er mikilvægt að tryggja aðgengi allra borgarbúa að samráðsferlinu, með tilliti til þeirra þátta sem mannréttindastefna Reykjavíkurborgar tiltekur þ.e. uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.

Málsnr.: 218010207  
Skjalasafn Ráðhúss  
01. feb. 2018  
Bréfalykill: 100

Reykjavík, 24. janúar 2018  
RMF17120002  
0.10.2

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð  
b.t. Söndru Drafnar Gylfadóttur  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

### ***Umsögn um Lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar***

Á fundi menningar- og ferðamálaráðs þann 22. janúar sl. tók ráðið undir hjálagða umsögn sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs um drög að Lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar, sbr. 2. lið fundargerðar, og vísaði til stjórnkerfis- og lýðræðisráðs.

f.h. menningar- og ferðamálaráðs

*Inga María Leifsdóttir*

Inga María Leifsdóttir  
verkefnastjóri  
skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Umsögn sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs um drög að Lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar

## Umsögn

### um drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar

Reykjavík 20. janúar 2018

Á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 27. nóvember 2017 var samþykkt að vísa drögum að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar til umsagnar fagráða.

Á fundi menningar- og ferðamálaráðs þann 8. janúar 2018 voru drög að lýðræðisstefnu borgarinnar kynnt fyrir ráðinu af hálfu Halldórs Auðar Svanssonar, formanns stjórnkerfis- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar, Stefáns Eiríkssonar borgarritara og Theódóru Sigurðardóttur, verkefnastjóra stjórnslumála á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Í kjölfarið ákvað menningar- og ferðamálaráð að óska eftir umsögn Menningar- og ferðamálasviðs.

Í umsögninni er kastljósinu einkum stýrt á þau atriði sem snerta beint verkefni Menningar- og ferðamálasviðs.

Fyrst má þó nefna að málaflókkar sviðsins, menning og ferðamál, eru í eðli sínu kvikir og skilningur og náíð samspil við borgarbúa því grundvöllur þess að vel takist til við að rækta hlutverk sviðsins. Svonefndur þáttökustigi sem skilgreindur er í drögum að lýðræðisstefnu gæti því mögulega nýst sviðinu sem tæki til að ná betur til íbúa og sinna betur þörfum þeirra. Sömu sögu má segja um hverfisráðin og Gagnsjána og aðra þá þætti sem stuðla að virkari samskiptum og aukinni upplýsingagjöf. Á hinn bóginn er minnt á mikilvægi þess að fjármagn fylgi þeim verkefnum sem kalla á viðbótar tækni, vinnu eða starfskrafta. Þá þarf hlutverk og ábyrgð að vera skýr.

Í kafla draganna um hverfisráð borgarinnar er meðal annars lagt til að hverfisráð verði beintengd við þjónustu í hverfunum, svo sem þjónustu á bókasöfnum. Í því sambandi er vert að geta þess að í nýrri og metnaðarfullri þjónustustefnu Borgarbókasafnsins sem nær til ársins 2020 er lögð rík áhersla á að efla hlutverk menningarhúsa Borgarbókasafnsins sem menningarmiðju í hverfum borgarinnar. Liður í því er að ná enn betur til íbúa hverfanna svo hægt verði að þróa starfsemina út frá þörfum þeirra og sjónarhorni. Nefndar eru ýmsar leiðir svo sem að settir verði á laggirnar rýnihópar í hverfunum og að stuðlað verði að samvinnu við skóla, nemendur og félagasamtök.

Hugmyndir um aukin tengsl hverfisráða við bókasöfn samrýmast því vel nýrri þjónustustefnu Borgarbókasafnsins og þeim aðgerðum sem þar koma fram. Auk þess sem nefna má að bókasöfn eru samkvæmt lögum skilgreind sem þjónustustofnanir sem starfa í þágu almennings og eigenda sinna.

Verði tillögur um aukinn styrk hverfisráða hins vegar að veruleika er mikilvægt að skilgreina vel hlutverk og ábyrgð, svo sem fagfólks, stjórnenda og hverfisráða og jafnframt að tryggt verði að fjármagn fylgi nýjum verkefnum.

Arna Schram

Sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar



Ráðhús Reykjavíkur  
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

### ***Efni: Umsögn um lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 10. janúar 2018 var lögð fram umsögn sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um tillögu að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar, dags. 4. janúar 2018. Jafnframt lögð fram beiðni stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, dags. 29. nóvember 2017, um umsögn um lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar ásamt drögum að stefnunni.

Vísað er til erindis skrifstofu borgarstjóra og borgarritara sem barst skóla- og frístundasviði 29. nóvember 2017 varðandi beiðni um umsögn um lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.

Í lýðræðissamfélagi er mikilvægt að allir íbúar hafi tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum sem snerta velferð þeirra og daglegt líf. Í Reykjavík er lýðræðislega kjörin borgarstjórn sem starfar í umboði borgarbúa. Borgarstjórn hefur leyfi til að afsala sér hluta af valdi sínu yfir til íbúa borgarinnar samkvæmt sveitastjórnarlögum og er slíkt talið auka íbúalýðræði og valdeflingu borgarbúa. Lýðræðisstefna Reykjavíkur er mikilvæg og tilkoma hennar er fagnaðarefni því með henni myndast rammi utan um samspil borgarstjórnar og íbúa og skýrt er kveðið á með hvaða hætti og við hvaða aðstæður íbúar geta haft bein áhrif á ákvarðanatöku.

Eftirfarandi eru athugasemdir skóla- og frístundasviðs varðandi fyrirleggjandi drög að stefnunni.

- Lýðræðisstefnan virðist vera miðuð fyrst og fremst að fullorðnu fólki þar sem hvergi í stefnunni er minnst sérstaklega á barna- og unglíngalýðræði. Ísland hefur lögfest Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (2013) og í 12. grein er fjallað um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif. Þar segir „*Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.*“ Til að gæta þess að barna- og unglíngalýðræði sé virkt í borginni er mælt með því að það verði ávarpað sérstaklega í lýðræðisstefnu Reykjavíkur.
- Hafa þarf í huga að íbúar Reykjavíkurborgar eru fjölbreyttur hópur og því þarf að gæta vel að því að lýðræðisstefnan sé auðskiljanleg. Taka þarf tillit til barna og unglínga sem og íbúa af erlendum uppruna þegar þátttökustiginn er settur fram og því er mælt með því að orðalag og uppsetning sé í öllum tilfellum skýr og einföld.
- Bent er á að setja þarf fram tímasetningar og aðgerðabindingu með stefnunni.

Umsögn sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs var samþykkt með áorðnum breytingum.

Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina lagði fram svohljóðandi bókun:

Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar þarf að vera auðlesanleg og auðskiljanleg öllum þeim sem eiga að geta átt þess kost að nýta sér hana til aukinnar þátttöku til gagnrýnnar lýðræðislegrar þátttöku í ákvarðanatöku í málum borgarinnar. Hugsanlegir lesendur og þátttakendur eru mjög fjölbreyttur hópur með fjölbreyttan bakgrunn og mikla aldursdreifingu og eigi þátttaka almennings að ná að verða almenn væri vel að yrða skýrar hvernig er hægt að tryggja vel aðgengi t.d. barna og unglunga, eldri borgara, fatlaðra og ýmissa minnihlutahópa að lýðræðisstefnunni. Þó bæði tímasetningar og aðgerðaráætlanir verði að öllum líkindum unnar í framhaldsvinnu við lýðræðisstefnuna er æskilegt að þau atriði verði tilgreind að grunni til strax þegar lýðræðisstefnan er kynnt.

Virðingarfyllst



Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir  
skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra  
staðgengill sviðsstjóra

Hjálagt:

Umsögn sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. janúar 2018



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Umsögn sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um tillögu að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar***

Vísað er til erindis borgarráðs sem barst skóla- og frístundasviði 29. nóvember 2017 varðandi beiðni um umsögn um lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.

Í lýðræðissamfélagi er mikilvægt að allir íbúar hafi tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum sem snerta velferð þeirra og daglegt líf. Í Reykjavík er lýðræðislega kjörin borgarstjórn sem starfar í umboði borgarbúa. Borgarstjórn hefur leyfi til að afsala sér hluta af valdi sínu yfir til íbúa borgarinnar samkvæmt sveitastjórnarlögum og er slíkt talið auka íbúalýðræði og valdeflingu borgarbúa. Lýðræðisstefna Reykjavíkur er mikilvæg og tilkoma hennar er fagnaðarefni því með henni myndast rammi utan um samspil borgarstjórnar og íbúa og skýrt er kveðið á með hvaða hætti og við hvaða aðstæður íbúar geta haft bein áhrif á ákvarðanatöku.

Eftirfarandi eru athugasemdir skóla- og frístundasviðs varðandi fyrirleggjandi drög að stefnunni.

- Lýðræðisstefnan virðist vera miðuð fyrst og fremst að fullorðnu fólki þar sem hvergi í stefnunni er minnst sérstaklega á barna- og unglíngalýðræði. Ísland hefur lögfest Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (2013) og í 12. grein er fjallað um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif. Þar segir „*Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.*“ Til að gæta þess að barna- og unglíngalýðræði sé virkt í borginni er mælt með því að það verði ávarpað sérstaklega í lýðræðisstefnu Reykjavíkur.
- Hafa þarf í huga að íbúar Reykjavíkurborgar eru fjölbreyttur hópur og því þarf að gæta vel að því að lýðræðisstefnan sé auðskiljanleg. Taka þarf tillit til barna og unglínga sem og íbúa af erlendum uppruna þegar þátttökustiginn er settur fram og því er mælt með því að orðalag og uppsetning sé í öllum tilfellum skýr og einföld.
- Bent er á að setja þarf fram tímasetningar og aðgerðabindingu með stefnunni.








Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 18.01.2018

Skrifstofa borgarstjóra  
Helga Björg Ragnarsdóttir  
Ráðhús Reykjavíkur  
101 Reykjavík



Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 17. janúar 2018 varðandi eftirfarandi mál.

#### Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar

Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 29. nóvember 2017 vegna samþykktar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs að vísa drögum að Lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar til umsagnar fagraða, hverfisráða, öldungaráðs og fjölmenningarráðs. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, mannauðsdeildar dags. 18. desember 2017.

Halldór Auðar Svansson borgarfulltrúi, Sandra Dröfn Gylfadóttir lögfræðingur, Theódóra Sigurðardóttir lögfræðingur og Steinunn Rögnvaldsdóttir sérfræðingur taka sæti á fundinum undir þessum lið.

*Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, mannauðsdeildar dags. 18. desember 2017 samþykkt.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

  
Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjal: umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, mannauðsdeildar dags. 18. desember 2017.

Sent til Skrifstofa borgarstjórnar



Reykjavík, 18. desember 2017

Efni: Umsögn um drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar  
Tilvísun í mál: R17020227

Undirrituð hefur kynnt sér drög að lýðræðustefnu Reykjavíkurborgar og þær tillögur sem henni fylgja. Haft var samráð við starfsfólk á umhverfis- og skipulagssviði við gerð umsagnar þeirrar sem hér fer eftir.

### Umsögn

Efnishluti: Lýðræðisstefnan og þáttökustiginn:

- Í stefnunni er lagt út frá svokölluðum þáttökustiga, sem virðist eiga að verða grunnur fyrir nýja leið til að fjalla um lýðræðismál og meta stöðu mála borgarbúa í kerfinu. Í stefnunni er m.a. fjallað um að bjóða upp á skýr úrræði fyrir borgarbúa til þess að fíkra sig upp stigann í færri þrepum í einu, eftir því sem hentar hverju sinni. Þáttökustiginn er 5 þrep eins og honum er lýst og virðist vera ákveðin skörun milli þeirra. Eigi að innleiða þessa aðferð og orðfæri í borgarkerfinu og stjórnsýslunni, er umhugsunarvert hvort þetta sé nógu skýr framsetning fyrir borgarbúa og hvort ætti að einfalda stigann, t.d. með því að fækka þrepum og hafa hann í mesta lagi 4 þrep.
- Í stefnunni segir: „með vandaðri upplýsingagjöf um ákvarðanir borgarinnar og forsendur þeirra geti borgarbúar hins vegar sjálfir verið vakandi fyrir stöðu mála og gripið inn í með viðeigandi úrræðum ef þeim finnst þörf á. Þannig er öllum borgarbúum veitt tækifæri til að setja sig í spor borgarfulltrúa á öllum stigum mála, annað hvort sem einstaklingar eða sem skipulagðir hópar“. Til þess að þessar fullyrðingar standist þarf að rýna allt aðgengi borgarfulltrúa að upplýsingum og gögnum, m.a. í gegnum fundi, og meta hvernig eigi að útfæra að borgarbúar geti staðið í sömu sporum og borgarfulltrúar. Þá er umhugsunarvert hvort þetta þýði að allar upplýsingar verði aðgengilegar á að minnsta kosti ensku, til að **allir** borgarbúar inniberi líka þau sem nota annað tungumál en íslensku.

Efnishluti: Tillögur

- Vert er að taka sérstaklega undir þann hluta í „Upplýsingagjöf sem hornsteinn íbúalýðræðis“ hvar segir að það „þarf að koma skýrt fram þegar boðað er til fundar með borgarbúum hvert markmiðið er – hvort einungis um upplýsingafund er að ræða eða hvort fundurinn er í efra þrepi í þáttökustiganum og að mæting á hann bjóði þannig upp á að fundargestir geti haft áhrif á málið“. Það er lykilatriði að gefa borgarbúum rétta mynd af hlutverki funda sem þessara.
- Í útfærslu tillögu um gagnsjá Reykjavíkurborgar er mikilvægt að skilgreina vandlega hver ber ábyrgð á verkefninu og kemur því til leiðar. Ekki síður mikilvægt er að





tryggja réttan farveg mála og að ábendingar og fyrirspurnir fari á réttan stað og að ábyrgð þeirra sem eiga að svara þeim sé skýr, í samræmi við markmið um góða þjónustu og þær væntingar sem borgarþúar gera til þjónustunnar.

- Í sömu tillögu um *Gagnsjá* er lagt til að íbúar getir rýnt og sent ábendingar og athugasemdir um fjármálin, t.d. tillögur að sparnaði í einstökum liðum eða fyrirspurnir um fjármál. Nauðsynlegt er að útfæra þessa tillögu svo að borgarþúum sé ljóst hversu mikil áhrif þeir geta vænst að hafa á fjármál borgarinnar, til að væntingar séu í takt við raunveruleg tækifæri til áhrifa.
- Nokkrum sinnum er talað um slembival í stefnunni, m.a. í tillögum sem snúa að hverfisráðum, þar sem segir m.a. að „skoðað verði hvort slembival sé heppileg leið til að skipa í hverfisráð“. Frá mannréttinda- og jafnréttissjónarmiðum er mikilvægt að stuðla að, hvernig svo sem það er gert, fjölbreytni þegar valið er í valdahlutverk í borginni með þessum hætti.
- Í tillögum um hverfisráð borgarinnar er gert ráð fyrir að styrkja þau „með því að a.m.k. einn fulltrúi borgarstjórnar sitji í hverju hverfisráði með það fyrir augum að brúa bilið milli efstu og neðstu laga stjórnkerfisins“. Jafnframt eru hugmyndir að slembivalið sé í ráðin, eins og áður hefur komið fram. Ef þetta mun fara saman þá er umhugsunarvert er hvort að þetta ættu að vera 2 fulltrúar, og þá úr meiri- og minnihluta borgarstjórnar, til að gæta jafnvægis í hverfisráðum útfrá lýðræðislegum sjónarmiðum.
- Tillögur um aukið forræði hverfisráða yfir staðbundnum verkefnum og framkvæmdum innan umdæma þeirra, sem og aukið forræði yfir fjármagni og ábyrgð á upplýsingamiðlun og aðgengi að ítarlegum gögnum, þarfnast ítarlegrar útfærslu. Í þessum verkefnum er samráð borgarþúa eða hverfaráðs í umboði borgarþúa, og starfsmanna borgarinnar, afar mikilvægt. Setja mætti samskiptum hverfaráðs og viðeigandi eininga borgarinnar fastari skorður, t.d. reglulega fundi (dæmi: hverfisSKIPULAG – en í því verkefni er nú þegar gert ráð fyrir samráði við hverfisráð borgarhluta, að miðlun upplýsinga og samráði sé beint í gegnum hverfisráðin og hugmyndir/tillögur kynntar hverfisráðum). Þjónusta innan hverfa byggist upp á sérfræðipækkingu, hvort sem um er að ræða hreinsun og viðhald, skólamál eða annað. Stjórnun á vinnustöðum og veiting þjónustu byggir á þessari þekkingu sem til er á starfsstöðunum. Varasamt getur verið að draga úr frumkvæði starfsmanna á verkefnum með því að færa forræði á ákvarðanatöku um málefni sem varða daglegan rekstur frá stöðvunum.
- Í tengslum við tillögur um íbúakosningar og samráðsferla væri æskilegt að útfæra verklag um upplýsingagjöf í tengslum við íbúakosningar – því að það getur verið vandasamt fyrir fagfólk borgarinnar að bregðast til upplýsingum sem fara á flug í aðdraganda kosninga en standast ekki endilega nánari skoðun. Einnig mæti huga að skapandi útfærslum, t.d. ef fylkingar á öndverðu meiði kæmu sér saman um óháðan fulltrúa sem bæri ábyrgð á málefnalegri upplýsingagjöf til borgarþúa.
- Annað sem þyrfti að útfæra í tengslum við tillögur um íbúakosningar og samráðferla er að skilgreina hvers konar mál eru tæk í ráðgefandi atkvæðagreiðslu á netinu að frumkvæði Reykjavíkurborgar. Umhugsunarvert í þessu samhengi er t.d. hvað séu



almannahagsmunir og hvað hverfis-hagsmunir, og hvenær hvort á að ráða, t.d. í samhengi við markmið Aðalskipulags.

- Tillögur um lýðræði á vinnustöðum borgarinnar eru á flestan hátt í samræmi við stefnumiðaða mannauðsþjónustu sem nú þegar er starfað eftir víða hjá borginni. Sem fyrr segir þá eru starfsmenn sérfræðingar í sínum verkefnum og mikilvægur þáttur í mannauðsstjórnun er að ýta undir frumkvæði þeirra og að þekking þeirra sé nýtt við ákvarðanatöku. Nú þegar er það verklag í mannauðsþjónustu víða, að halda reglulega starfsmannafundi og að stefnumótun og starfsþróun sé unnin og skipulögð í samráði við starfsfólk.

Ekki eru gerðar frekari athugasemdir.

Umsögn ritar Steinunn Rögnvaldsdóttir, mannauðsráðgjafi og mannréttindafulltrúi USK.  
Leitað var áhlits eftirfarandi starfsmanna USK á einstökum þáttum stefnunnar við gerð umsagnarinnar:

Hreins Ólafssonar, fjármálastjóra

Ásdísar Ásbjörnsdóttur, mannauðsstjóra

Ævars Harðarsonar, verkefnastjóra hverfisskipulags

Haraldar Sigurðssonar, deildarstjóra aðalskipulags

Gunnars Hersveins Sigursteinssonar, verkefnastjóra miðlunar

Sigrúnar Tryggvadóttur, verkefnastjóra í gæðum, þróun og greiningu

Einars Guðmannssonar, deildarstjóra á skrifstofu reksturs og umhirðu

Arnar Sigurðssonar skrifstofustjóra á skrifstofu sviðsstjóra



Ráðhús Reykjavíkur  
Stjórnkerfis- og lýðræðisráð  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

***Vegna beiðni um umsögn velferðarráðs um lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar -  
R17020227***

Vísað er til erindis stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, dagsett 29. nóvember 2017, þar sem óskað var eftir umsögn velferðarráðs um lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar. Meðfylgjandi sendist umsögn ráðsins sem samþykkt var á fundi þess í gær, þann 18. janúar 2018.

Virðingarfyllst,

  
Regína Ásvaldsdóttir  
sviðsstjóri velferðarsviðs

Reykjavík, 16. janúar 2018  
VEL2017120037  
R17020227  
EOS

Ráðhús Reykjavíkur  
Stjórnkerfis- og lýðræðisráð  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

## Umsögn

### **Efni: Umsögn velferðarráðs um lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar**

#### **Greinargerð:**

Velferðaráð lýsir yfir ánægju með að Reykjavíkurborg setji sér stefnu á sviði lýðræðismála. Mikilvægt er að stefnumótun á borð við þessa sé unnin í víðtæku samráði bæði innan borgarkerfis en einnig utan þess, til dæmis með aðkomu íbúasamtaka og hverfisráða. Þá þarf að nefna kynjun í stefnunni til samræmis við aðra viðamikla stefnumótun hjá Reykjavíkurborg. Þá þarf að huga að stöðu kynjanna í stefnumótuninni til samræmis við aðra viðamikla stefnumótun hjá Reykjavíkurborg. Sérstaklega þarf að huga að því að jaðarsettir hópar í samfélaginu fái aðgang að upplýsingum og séu þátttakendur í virku íbúasamráði.

Tekið er undir mikilvægi þess að að hafa samráð við borgarbúa í málefnum sem snerta daglegt líf og umhverfi. Markmið stefnunnar um valdeflingu er sérstaklega mikilvægt í velferðarmálum þar sem margir sem sækja þjónustu velferðarsviðs tilheyra ýmsum jaðarhópum samfélagsins sem þarf að valdefla sérstaklega til fullrar þátttöku í lýðræðissamfélagi. Velferðarráð áréttar að traust milli þjónustuveitenda og þjónustunotenda er lykilþáttur þess að árangur náist í ráðgjafar- og meðferðarstarfi á vegum borgarinnar

Reykjavíkurborg hefur sett sér metnaðarfulla upplýsingastefnu og er mikilvægt að framfylgja þeirri stefnu á sviðum og starfsstöðum Reykjavíkurborgar. Bæði þarf að auka vitund starfsmanna um þær útvíkkuðu skyldur sem stefnan leggur á herðar einstökum stjórnendum og það frumkvæði um upplýsingagjöf sem stefnan leggur upp með. Í þessu ljósi þarf að huga að eflingu upplýsingadeildar Reykjavíkurborgar og að fá fagmenntað fólk á sviði upplýsingamiðlunar til starfa á sviðum og starfsstöðum borgarinnar.

Einnig þarf að gæta þess að sú sýn sem felst í lýðræðisstefnunni, að upplýsingar og upplýsingagjöf séu ekki einungis málefni tæknilegs eðlis, einnig félagsleg, komi skýrt fram.

Mikilvægt er að upplýsingar séu þannig úr garði gerðar að allir hópar geti nýtt sér þær t.d þeir sem ekki hafa íslensku að móðurmáli eða nýta sér auðlesið mál og aðra tjáskiptamáta. Einnig þarf að skipuleggja aðkomu íbúa að ákvarðanatöku með þessa þætti í huga. Velferðarráð áréttar einnig að við alla stefnumótun hjá Reykjavíkurborg er mannréttindstefnan og mannréttindahugtakið ávallt lagt til grundvallar.

Velferðarráð styður eindregið tillögur þess efnis að Gagnsjá Reykjavíkurborgar verði sett á laggirnar og telur mikilvægt í því samhengi að skilgreina vel hvernig mismunandi hópar gættu nýtt sér gangsjána.

Velferðarráð telur að það væri framfaraskref að auka forræði hverfisráða yfir staðbundnum verkefnum í hverfum og að hverfisráðin verði tengdari við þjónustustofnanir í viðkomandi hverfi. Í því samhengi verður að skoða vel skipulag og skipurit Reykjavíkurborgar til að styðja við þau markmið sem birtast í drögum um lýðræðisstefnuna sem er aukin dreifstýring og aðkoma íbúa að ýmissi ákvarðanatöku. Mikilvægt er að hverfisráð séu virk tenging milli borgarkerfis og íbúa og þarf skipan þeirra að taka mið af því markmiði.

Vert er að skoða möguleika þess að útvíkka hlutverk þjónustumiðstöðva og koma á fót hverfamiðstöðvum sem myndu veita margvíslega þjónustu af hendi borgarinnar í nærumhverfi íbúanna.



## Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum er Reykjavíkurborg sjálfstætt stjórnvald með lýðræðislega kjörinni borgarstjórn sem starfar í umboði borgarbúa. Þannig framselja borgarbúar valdi til kjörinna fulltrúa sem þeir kjósa sér í lýðræðislegum kosningum, samkvæmt leikreglum hefðbundins fulltrúalýðræðis, [landslögum og stjórnarskrá landsins](#).

Í sveitarstjórnarlögum er þó sérstakur kafli, X. kafli, sem fjallar um samráð við íbúa. Þar segir:

„Sveitarstjórn skal leitast við að tryggja íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess möguleika til að taka þátt í og hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins og undirbúning stefnumótunar.“

Þannig er í lögnum opnað á að borgarstjórn afsali sér hluta af valdi sínu til borgarbúa. Enda sé litið svo á að þar sem vald kjörinna fulltrúa er fengið frá almenningi sé eðlilegt að borgarstjórn leitist við að virkja þátttöku borgarbúa. Með þessu lagaákvæði er opnað fyrir það að borgaryfirvöld opni fyrir samráð við borgarbúa og áhrif borgarbúa á þær ákvarðanir sem borgarbúar taka.

Lýðræðisstefnu þeirri sem hér birtist er því ætlað að skilgreina með formlegum hætti hvernig borgarstjórn [opnar fyrir sér fyrir sér](#) þetta samspil milli þess umboðs sem borgarbúar fela henni samkvæmt sveitarstjórnarlögum og þeirra heimilda sem borgarstjórn hefur samkvæmt sömu lögum til að veita borgarbúum [möguleika til að hafa áhrif á hlutdeild](#) stjórn borgarinnar.

Markmið lýðræðisstefnunnar er þannig fyrst og fremst að leggja grunninn að skýrum og gagnsæjum almennum leikreglum um íbúalýðræði innan Reykjavíkurborgar.

Endanleg markmið með þessu eru [að að valdefta borgarbúa með því að veita borgarbúum þeim aukinna þeim áhrif þeim hlutdeild í](#) stjórn Reykjavíkurborgar samkvæmt formlegum og skýrum ferlum, [að auka traust borgarbúa á til](#) stjórnsýslu borgarinnar með því að veita þeim innsýn í hvernig borgarkerfið virkar, [að efla lýðræðisvitund borgarbúa](#) til að styrkja félagsauð í borginni, sem og að [bæta auka gæði ákvarðanatöku](#) borgarinnar með því að tryggja að ákvarðanir séu [teknar á](#) vel upplýstum [forsendum](#) með tilliti til mismunandi sjónarhorna og hagsmuna.

## Þátttökustiginn



Við skilgreiningu á hlutdeild borgarbúa í stjórn borgarinnar er notast við svokallaðan þátttökustiga. Þetta módel má rekja til bandaríska fræðimannsins Rogert Hart sem árið 1997 setti fram þátttökustiga fyrir starf með börnum í bók sinni *Children's Participation: The Theory And Practice Of Involving Young Citizens In Community Development And Environmental Care*. Sú útgáfa stigans sem notast er við hér er almennara eðlis og er hún í samræmi við þá sem unnið er með á sveitarstjórnarstiginu í Svíþjóð.

Í þátttökustiganum eru mismunandi þrep þátttöku þar sem borgarstjórn **opnar fyrir aukin áhrifaálar sér sífellt meira valdi til** borgarbúa eftir því sem ofar er farið í stiganum. Borgarbúar þurfa að vera meðvitaðir um stöðu mála sem og leiðirnar til að hafa áhrif **á þau og þátttökustiginn er módelið sem rammur hvort tveggja inn.**

**Upplýsingagjöf** er fyrsta forsenda þess að borgarbúar geti haft áhrif. Hún þarf að fela í sér að borgarbúar fái aðgengilegar og hlutlægar upplýsingar til að skilja úrlausnarefni og hvaða valkostir standa til boða. Samkvæmt 103. gr. sveitarstjórnarlaga er sveitarstjórn til að mynda skylt að upplýsa íbúa sína um áætlanir sem varða þá með almennum hætti og einstök mál sem hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélagið. Reykjavíkurborg hefur sett sér metnaðarfulla upplýsingastefnu þar sem réttur borgarbúa til aðgangs að upplýsingum er kyrfilega skilgreindur. Þar er ekki einungis horft til lagalegra skyldna heldur eru skyldur borgarinnar útvíkkaðar.

**Samráð** felur í sér að fá viðbrögð frá borgarbúum við greiningu, tillögum og valkostum. Þetta getur líka falið í sér að taka við og fjalla um sjónarmið íbúa, fyrirspurnir og kvartanir. Samráð felur í sér að reyna að samræma mismunandi skoðanir og upplýsingar og taka tillit til allra hagsmuna. Lokaorðið er þó hjá stjórn borgarinnar. Mikilvægt er **þé** að samráðsferli séu skýr og gagnsæ og að ávallt sé útskýrt og rökstutt hvernig tekið var tillit til mismunandi sjónarmiða og athugasemda við ákvarðanatöku.

**Rökræða** felur í sér að gefa borgarbúum færi á að hitta aðra til að ræða málefni borgarinnar. Þetta þarf að byggjast á því að allir hafi möguleika ~~á~~ að koma sínum skoðunum á framfæri og rökstyðja þær í lifandi samtali. Rökræða er þannig gagnvirkari en samráð, felur í sér skoðanaskipti. Markmiðið er að skapa skilning og samstöðu og tryggja að hagsmunir íbúanna, þekking og óskir mæti skilningi og tekið sé tillit þeirra í áframhaldandi meðferð máls hjá borginni.

**Áhrif – hlutdeild** – felur í sér að borgarbúar fái tækifæri til að taka þátt í vinnslu máls í gegnum allan feril þess, frá því að mál verður til, þróun lausna á málinu, vali á tillögu að lausn og framkvæmd hennar. Þannig heldur borgarstjórn utan um ferlið ~~en það er annars að verulegu leyti í höndum annarra.~~

**Þátttaka í ákvörðunartöku** felur í sér að borgarstjórn ~~framselur alfarið ákvörðunarvald til borgarbúa~~ ~~opnar fyrir alhliða áhrif borgarbúa á flestar ákvarðanir.~~ Það þarf ~~hins vegar~~ að hafa í huga að það eru lagalegar takmarkanir á rétti sveitarstjórna til að framselja vald sitt. Ef sveitarstjórn er í lögum falið ákvörðunarvald um ákveðið málefni getur hún ekki framselt það til annarra, nema á grundvelli sérstakrar lagaheimildar. Slíka lagaheimild er að finna í 5. mgr. 107. gr. sveitarstjórnarlaga þar sem segir að atkvæðagreiðsla samkvæmt greininni, svo og 108. gr. sem fjallar um frumkvæðisrétt íbúa, sé ráðgefandi, nema sveitarstjórn ákveði að hún skuli binda hendur hennar til loka kjörtímabils.

Reykjavíkurborg lítur svo á að þeir ferlar sem skilgreina hvenær er unnið í tilteknum þrepum í þáttökustiganum eigi að vera lifandi. Borgarbúar eiga að hafa skýran og skilgreindan rétt til að ~~fara fram á~~ ~~á~~ grípa inn í ákvarðanir. Sveitarstjórnarlög (sbr. 108. gr.) gera til að mynda ráð fyrir að borgarbúar geti stökkið beint í efsta þrepið í tilteknu máli með því að safna tilteknum fjölda undirskrifa. Þannig hafa borgarbúar frumkvæðisrétt í einstaka málum þó lögum samkvæmt séu á þessu ákveðnar undanþágur. Þetta frumkvæðisvald verður að flétta víðar inn í borgarkerfið með því að bjóða upp á skýr úrræði fyrir borgarbúa til þess að fikra sig upp stigann í færri þrepum í einu, eftir því sem þeim hentar hverju sinni.

~~Hugsunin að baki slíku sveigjanlegu fyrirkomulagi er að ekki er alltaf auðvelt að sjá fyrir hvaða mál borgarbúar hafa áhuga á að grípa inn í.~~ Með vandaðri upplýsingagjöf um ákvarðanir borgarinnar og forsendur þeirra geti borgarbúar ~~hins vegar~~ sjálfir verið vakandi fyrir stöðu mála og ~~haft áhrifgrípið inn í~~ með viðeigandi úrræðum ef þeim finnst þörf á. Þannig er öllum borgarbúum veitt tækifæri til að setja sig í spor borgarfulltrúa á öllum stigum mála, annað hvort sem einstaklingar eða sem skipulagðir hópar.

Ein af grunnstoðum fulltrúalýðræðis í borginni er að borgarbúar treysti borgarstjórn og sínum fulltrúum þar til þess að vinna í þeirra umboði ~~með kosningum á fjögurra ára fresti.~~ Slíkt traust byggist þó meðal annars á því að ~~borgarbúar~~ ~~borgarbúar geti verið vakandi fyrir öllu sem er að gerast innan stjórnsýslu borgarinnar og~~ hafi tækifæri og stöðu til að afla sér upplýsinga um mál og hafa áhrif á þau. Slíkt aðhald hvetur kjörna fulltrúa sem og starfsfólk borgarinnar til þess að vinna mál vandlega í góðri sátt og samráði. Þetta fyrirkomulag útilokar þannig ekki að borgarstjórn hafi sjálf frumkvæði að því að nýta þáttökustigann, til að mynda ~~til að kalla eftir til að fá skoðunum~~ á veigamikilli stefnumótun eða ~~til að framselja valdi í tilteknum málum eftir formlegum leiðum. eða einstökum ákvörðunum um framkvæmdir, fjármál og almenna stjórnsýslu.~~

Sniðið: Leturgerð: 11 pkt.

Virkt íbúalýðræði þarf á hvoru tveggja að halda – lífandi lýðræðisferlum sem borgarbúar stýra sem og frumkvæði frá stjórn borgarinnar. Þannig eru valdahlutföllin sveigjanleg og íbúalýðræðið lífandi samstarfsverkefni og lærdómsferli milli borgarinnar og íbúa hennar þar sem farið er upp og niður þátttökustigann eftir því sem þörf er á.

DRÖG

# Tillögur

## Upplýsingagjöf sem hornsteinn íbúalýðræðis

Sveigjanlegir lýðræðisferlar **burfa að** byggjast á skýrri upplýsingagjöf um stöðu allra mála og hvernig staða þeirra tengist þátttökustiganum —enda er upplýsingagjöf fyrsta þrep þátttökustigans. Þessi hornsteinn hefur þegar verið lagður í upplýsingastefnu borgarinnar og á honum má byggja. Upplýsingamiðlun er þannig lykilatriði í öllu íbúalýðræði og því leggur borgin metnað í að miðla skýrum upplýsingum um allar ákvarðanir og forsendur þeirra sem og stöðu mála innan borgarinnar og hvernig hafa megi áhrif á þau.

- Ávallt verði leitast við að tengja stöðu allra mála innan borgarinnar við þátttökustigann með þeim hætti að skilgreina í hvaða þrepi hans þau eru stödd í borgarkerfinu.
- Tryggt verði að upplýsingumægi um tiltekið mál fylgi **upplýsingar um stöðu** málsins innan þátttökustigans.
  - Til að mynda þarf að koma skýrt fram þegar boðað er til fundar með borgarbúum hvert markmiðið er – hvort einungis um upplýsingafund er að ræða eða hvort fundurinn er í efra þrepi í þátttökustiganum og að mæting á hann bjóði þannig upp á að fundargestir geti haft áhrif á málið.
- Miðlað verði upplýsingum um hvort og hvernig borgarbúar geti hækkað um þrep og gripið inn í málið ef þeir hafa áhuga á því; miðað við eðli málsins og það þrep sem það er stödd á.
  - Til að mynda þarf að flokka mál eftir því hvort þau uppfylla skilyrði 3. mgr. 108 gr. sveitarstjórnarlaga um mál sem eru tæk til íbúakosninga. Mál sem uppfylla þessi skilyrði verði tengd við leiðbeiningar um hvernig hægt er að safna undirskriftum til þess að krefjast íbúakosningar.

## Gagnsjá Reykjavíkurborgar

Í Gagnsjá Reykjavíkurborgar **má skoða verður** upplýsingastefna Reykjavíkurborgar **í smáatriðum holdi klædd**. Með Gagnsjánni geti borgin, sem stjórnvald, uppfyllt markmið sín í því að taka frumkvæði að ítarlegri upplýsingamiðlun til íbúa borgarinnar. Enn fremur verði með Gagnsjánni borgarbúum veitt tækifæri til að fíkra sig upp þátttökustigann með því að falast eftir ítarlegri upplýsingum, koma að ákvarðanatöku og senda ábendingar og tillögur á einfaldan hátt, í samræmi við stöðu máls innan borgarkerfisins.

- Komið verði á laggirnar Gagnsjá Reykjavíkurborgar; sameiginlegri, rafrænni og véllæsilegri málaskrá allra sviða Reykjavíkurborgar.
- Gagnsjáin þjóni jafnt sem gátt að öllum opinberum málum borgarinnar, gátt einstaklinga til að fylgjast með fyrirspurnum og öðrum málarekstri sínum hjá borginni og sem gátt að gögnum innan borgarkerfisins, t.d. til að efla sjálfstæði hverfisráða í gagnaöflun.
- Í Gagnsjánni verði skráð hvar mál eru stödd í ferli innan borgarinnar, samanber þátttökustigann.
- Hægt verði að nota Gagnsjána til að sjá stöðu mála með einföldum og skýrum hætti. Í slíkri upplýsingamiðlun felist leiðbeiningar um hvaða tækifæri borgarbúar hafa til hlutdeildar í ákvarðanatöku miðað við stöðu máls í borgarkerfinu, s.s. ritun umsagna, óskir eftir íbúafundum, kosningar og svo framvegis.

- Gagnsjáin verði þannig tengd við önnur gagnvirk umræðu- og atkvæðakerfi Reykjavíkurborgar á netinu, þar sem almennir borgarar geti komið með hugmyndir að málum, tjáð skoðanir sínar á málum sem eru í ferli borgarinnar og jafnvel kosið um tiltekin mál. Þannig geta verið margar mismunandi gáttir að Gagnsjánni en hún samtengir þær allar og setur í sameiginlegt-heildar samhengi.
- Opin fjármál Reykjavíkurborgar verði beintengd Gagnsjánni og viðmót þeirra bjóði íbúum Reykjavíkur upp á að rýna og senda ábendingar og athugasemdir um fjármálin, t.d. tillögur að sparnaði í einstökum liðum eða fyrirspurnir um fjármál.

## Borgarafundir

- Borgarstjórn boði til opins borgarafundar meðal íbúa Reykjavíkur a.m.k. einu sinni að vori og einu sinni að hausti.
- Á þessum borgarafundum verði störf, stefnumótun og áætlanir borgarstjórnar kynnt fyrir Reykvikingum borgurum og þeim veitt færi á því að hafa aðkomu að henni með því að koma hugmyndum sínum og sjónarmiðum á framfæri samkvæmt skilgreindu og gangsaðu verklagi.
- Auk þessara reglulegu funda geti borgarstjórn og ákveðið hlutfall íbúa (sbr. 108. grein sveitarstjórnarlaga) boðað til borgarafunda um afmarkaðri málefni, t.d. til að ræða og vinna í raunheimum málefni sem eru til meðferðar í Gagnsjá og/eða rafrænni þátttökufjárhagsáætlanagerð (t.d. "Hverfið mitt").

## Þátttaka í gerð öku fjárhagsáætlanagerð

- Áfram verði haldið með verkefni um beina hlutdeild borgarbúa í ávörðunum um fjárveitingar borgarinnar með beinum kosningum á netinu (t.d. í gegnum verkefni eins og „Hverfið mitt“).
  - Sá hlutur útgjalda borgarinnar sem er úthlutað á þennan hátt verði aukinn og áfram lögð áhersla á stefnt að því að kynna verkefnið fyrir almennum borgurum og virkja þá til þátttöku þar.
  - Opnað verði fyrir möguleika á því að innleiða „raunheima-hluta“ samhliða verkefninu, þar sem efnt verði til borgarafunda sem hafi það sérstaka verkefni að móta og jafnvel kjósa um hugmyndir og forgangsroðun útgjalda í samvirkni við rafræna hlutann, m.a. til að ná betur til fólksborgara sem notast minna við netið í daglegu lífi.
  - Fundnar og prófaðar verði leiðir til að veita áhugasömum borgarbúum eða borgarbúum úr slembivalshópi tækifæri til að koma beint að fjárhagsáætlunargerð fyrir alla borgina.

Sniðö: Fyrirsögn 2, Bil Fyrir: 12 pt., Engin áherslumerki eða tölusetning, Stilling leturs: Sjálfvirk

Sniðö: Leturgerð: 11 pkt.

Sniðö: Leturgerð: 11 pkt.

## Hverfisráð

- Hverfisráð borgarinnar verði styrkt með því að a.m.k. einn fulltrúi borgarstjórnar sitji í hverju hverfisráði með það fyrir augum að brúa bilið milli efstu og neðstu laga stjórnkerfisins.
- Skoðað verði að efna til beinna kosninga annarra fulltrúa í hverfisráðum, hvort heldur það er á vegum er á grundvelli flokka eða einstaklinga. Enn fremur verður skoðað hvort slembival sé heppileg leið til að skipa í hverfisráð.
- Forræði hverfisráða yfir staðbundnum verkefnum og framkvæmdum innan umdæma þeirra verði aukið gagnvart yfirstjórn borgarinnar og þeim veitt nauðsynlegt fjármagn til að sinna

þeim. Hverfisráð verði þannig beintengt við þjónustu í þeirra hverfum, s.s. þjónustumiðstöðvar, skóla, félagsmiðstöðvar, bókasöfn og hverfabækistöðvar.

- Hverfisráð fái aukna ábyrgð á upplýsingamiðlun um mál sem snerta hverfin. Af þeim sökum sé geta þeirra til að taka frumkvæði að upplýsingamiðlun eflað, t.d. með því að veita hverfisráðunum fjárheimildir til upplýsingagjafar sem og sérstakan, sjálfstæðan og greiðan aðgang að ítarlegum gögnum um sitt hverfi á rafrænan hátt.
- Ábyrgð fagsviða á upplýsingamiðlun til hverfisráða verði gerð skýr og einfölduð til samræmis við aukna áherslu á frumkvæði og ábyrgð hverfisráða.

### Íbúakosningar og samráðsferlar

- Reykjavíkurborg nýti í auknum mæli möguleika til að boða til ráðgefandi atkvæðagreiðslna á netinu meðal íbúa borgarinnar um veigamikil hagsmunamál borgarbúa, sem skiptar skoðanir eru um.
- Almenna reglan verði sú að borgarbúar kalli sjálfir eftir íbúakosningum um einstök mál skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga. Þeir fái til þess skýr úrræði og leiðsögn frá borginni.
- Borgarbúar eigi tillögurétt í borgarkerfinu sbr. Betri Reykjavík, þar sem tillögur sem fá stuðning tiltekins fjölda borgarbúa fara til formlegrar afgreiðslu í borgarkerfinu. Tillöguflytjendum verði gefinn kostur á fylgja tillögum sínum eftir á fundum eftir því sem við á.
- Samráðsgáttir og ferlar, s.s. Gagnsjáin, Betri Reykjavík, Hverfið mitt, fyrirkomulag samráðsfunda, íbúakosninga o.s.frv., verði reglulega metin og endurskoðuð í samráði við borgarbúa, háskólasamfélagið og leiðandi öfl í lýðræðisþróun á Íslandi, t.d. sjálfseignarstofnunina Íbúa, lýðræðisfélagið Öldu, Gagnsæi, Snarrót og fleiri.

### Lýðræði á vinnustöðum borgarinnar

- Aukin verður lýðræðisleg þátttaka á starfsstöðum borgarinnar, þar sem horft verður sérstaklega til aukinnar þátttöku starfsmanna í ákvörðunartöku. Litið verður til fyrirmynda erlendis frá, sér í lagi hjá lýðræðislega reknum fyrirtækjum.
- Yfirstjórnendur verði hvattir til og studdir faglega til þess að líta á sig sem verkefnastjóra. Markmiðið verði að virkja sem best þá þekkingu og reynslu sem býr í almennum starfsmönnum til góðrar ákvarðanatöku.
- Unnið verður með starfsmannafundarformið:
  - Stefnumótun, starfsþróun og ákvörðunartaka á hverri starfseiningu verði í auknum mæli tekin í virku samráði við starfsfólk og notendur þjónustu.
    - Þetta mætti t.d. gera með því að slembivaldir hópar vinni að ákveðnum niðurstöðum, sem síðan eru bornar undir breiða hópa starfsmanna eða notenda eftir því sem við á.
  - Tryggt verði að hægt verði að halda slíka fundi reglulega með starfsmönnum svo samráð sé títt og virkt.
  - Sérstaklega verði kannað hvernig unnt er að styrkja lýðræðisvitund meðal nemenda á öllum skólastigum borgarinnar.